



# Stjórnin & Sinfonia Nord

HOF 28. MARS 2024





# Hljómsveitin Stjórnin & Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Hljómsveitarstjóri | **Þórður Magnússon**

Útsetningar fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands voru í höndum  
**Þórðar Magnússonar, Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar og Michael Jóns Clarke**

# Stjórnin

Stjórnin var stofnuð á vormánuðum 1988. Aðdragandann má rekja allt aftur til 1983 er Grétar Örvarsson stofnaði eigin hljómsveit á Hótel Sögu, sem hét einfaldlega „Hljómsveit Grétars Örvarssonar“. Nafninu var síðan breytt í „Grétar Örvarsson og Stjórnin“, sem síðan styttist í „Stjórnin“.

Við stofnun Stjórnarinnar fékk Grétar til liðs við sig Eið Arnarsson bassaleikara, Einar Braga Bragason saxófónleikara, Hilmar Jensson gítarleikara og Matthías Hemstock trommuleikara. Alda Björk Ólafsdóttir var fyrsta söngkona sveitarinnar, en Sigga Beinteins tók við hljóðnemanum um áramótin 1988/1989. Þær breytingar urðu 1989 að Þorsteinn Gunnarsson tók við trommukjuðunum af Matthíasi og Jón Elvar Hafsteinsson við gítarnum af Hilmari.

Stjórnin náði strax miklum vinsældum. Eftir sigur í Landslaginu 1989 jukust vinsældirnar enn frekar og má segja að hljómsveitinni hafi skotið upp á stjörnuhimininn í kjölfar Eurovision 1990. Þar flutti hún „Eitt lag enn“ og hafnaði Ísland í 4. sæti. Í beinu framhaldi kom út fyrsta platan, „Eitt lag enn“. Platan rokseldist og færði hljómsveitinni bæði gull- og plátínuplötu.

Aftur urðu mannabreytingar 1992 þegar Mezzofortemeðlimirnir Friðrik Karlsson og Jóhann Ásmundsson komu inn í stað Jóns Elvars og Eiðs auk þess sem Halldór Gunnlaugur Hauksson tók við trommunum af Þorsteini. Sama ár tók Stjórnin aftur þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins og sigraði með laginu „Nei eða já“. Lagið var framlag Íslands í Eurovision 1992 og hafnaði í 7. sæti.

Haustið 1997 gengu Kristján Grétarsson gítarleikari og Sigfús Örn Óttarsson trommuleikari til liðs við hljómsveitina auk þess sem Eiður bassaleikari sneri aftur. Stjórnina skipa í dag, auk Siggú og Grétars, þeir Eiður, Kristján og Sigfús. Einnig hefur saxófónleikarinn Phil Doyle spilað reglulega með hljómsveitinni undanfarin ár.

Á tónleikunum mun Stjórnin spila í fyrsta skipti með símfóníuhljómsveit þegar hún stígur á svið í Hofi ásamt Símfóníuhljómsveit Norðurlands.

**Gleðilega hátíð!**

# Lagalisti

- |   |                          |          |    |   |          |
|---|--------------------------|----------|----|---|----------|
| 1 | <b>VIÐ EIGUM SAMLEIÐ</b> | Úts. MJC | 9  | <b>ALLT SEM ÉG ÞRÁI</b>                   | Úts. ÞBÞ |
| 2 | <b>ÞEGAR SÓLIN SKÍN</b>  | Úts. ÞM  | 10 | <b>SEGÐU JÁ</b>                           |          |
| 3 | <b>HAMINGJUMYNDIR</b>    | Úts. ÞBÞ | 11 | <b>DRAUMAR</b>                            | Úts. MJC |
| 4 | <b>ALLA LEIÐ</b>         | Úts. MJC | 12 | <b>LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL</b>                 | Úts. ÞBÞ |
| 5 | <b>SUMARLAG</b>          |          | 13 | <b>ÉG FÆ ALDREI NÓG AF ÞÉR/STJÓRNLAUS</b> |          |
| 6 | <b>ÞESSI AUGU</b>        | Úts. ÞBÞ | 14 | <b>ALLT EÐA EKKERT</b>                    | Úts. ÞM  |
| 7 | <b>EIN</b>               |          | 15 | <b>ÉG LIFI Í VONINNI</b>                  | Úts. ÞM  |
| 8 | <b>NEI EÐA JÁ</b>        | Úts. ÞM  | 16 | <b>EITT LAG ENN</b>                       | Úts. MJC |



## 1. FIÐLA

Greta Salóme Stefánsdóttir

Pétur Björnsson

Helga Þóra Björgvinsdóttir

Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

Margrét Kristjánsdóttir

Kristján Matthíasson

## 2. FIÐLA

Joaquin Páll Palomares

Margrét Þorsteinsdóttir

Marcin Lazarz

Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir

Marika Alavere

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Karl James Pestka

Eydís Úlfarsdóttir

Helga Björg Kjartansdóttir

## SELLÓ

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Bryndís Halla Gyldfadóttir

Ásdís Arnardóttir

## BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Elías Dýrfjörð

## HORN

Kjartan Ólafsson

Helgi Svavarsson

Emil Friðfinnsson

Joe Ognibene

## FLAUTA

Petrea Óskarsdóttir

## ÓBÓ

Gillian Haworth

## FAGOTT

Dagbjört Ingólfssdóttir

## KLARINETT

Michael Weaver

## TROMPET

Vilhjálmur Sigurðarson

Sóley Björk Einarsdóttir

## BÁSÚNA

Carlos Caro Aguilera

David Bobroff

## SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson

Einar Scheving

## HARPA

Elísabet Waage

## HLJÓMBORÐ

Kjartan Valdemarsson



# Stjórnin

**Sigríður Beinteinsdóttir** | Söngur

**Grétar Örvarsson** | Söngur og hljómborð

**Kristján Grétarsson** | Gítar

**Eiður Arnarsson** | Bassi

**Þórir Úlfarsson** | Hljómborð

**Phillip Doyle** | Saxafónn

Bakraddir | **Jónína Björt Gunnarsdóttir, Guðrún Arngrímsdóttir, Maja Eir Kristinsdóttir**



# Þórður Magnússon

Þórður Magnússon er starfandi tónskáld, útsetjari, hljómsveitar-útsetjari (orchestrator) og nótnasetjari. Hann hefur átt velgengni að fagna sem klassískt tónskáld og telja tónverkin hans rúmlega hálf hundruð, og sem útsetjari hefur hann unnið talsvert við samrunaverkefni á milli klassískra hljóðfæraleikara og rypmískrar tónlistar. Af samstarfsaðilum í gegnum tíðina má nefna, Megas, Laufeyju Lin, GDRN, Ásgeir Trausta, Jón Ólafsson, Bjartmar Guðlaugsson, Guðmund Kristinn Jónsson(Kidda), Ragnheiði Gröndal, Marínu Ósk, Jói P og Króla, Jónas Sig, Todmobile, Þorvald Bjarna, Sigurð Guðmundsson, Sigríði Thorlacius, Möggu Stínu og nú síðast Egil Ólafsson.

Á undanförunum árum hefur hann einnig fengist meira og meira við verkefni tengdum kvikmyndum.

Bakgrunnur Þórðar er bæði klassískur og rypmískur. Hann var í ýmsum rokk- og popp-hljómsveitum á táningsárum en eftir tvítugt einbeitti hann sér að tónsmíðum fyrir klassíska hljóðfæraleikara. Þessi tvíþætti bakgrunnur hefur síðan komið sér vel í hinum ýmsu samrunaverkefnum.

Handverkskunnáttan sem hann tileinkaði sér í klassísku tónlistarnámi hefur skilað sínu þegar að útsetja þarf rypmíska tónlist. Þórður er fjölbæfur og vel að sér allskonar stílum, klassík, rómantik, diskó, jazz, old school jazz og yfir í framsæknari stíla. Hann hefur einkar gott vald á sinfóníuhljómsveit og býr að margra ára reynslu á því sviði. Hann hefur einnig átt gott samstarfi við önnur tónskáld, og hefur tekið að sér bæði að orchestrera og nótnasetningu.



# Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.